



Fimmtudaginn 18. ágúst 2011 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Sveinfríður Halldórsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Birgitta Halldórsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra
3. Skólaakstur
4. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn kl. 20.35. Bjarni G. Ragnarsson boðaði forföll.

2. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri gerði grein fyrir vinnu sinni undanfarið og fór aðeins yfir bekkjaskipan á komandi skólaári og hverjir verða umsjónakennarar bekkja. Kennarar mæta til vinnu næsta mánudag. Búið er að opna leikskólann, gert er ráð fyrir að 10 börn verði í leikskólanum í vetur. Mikil vinna er fyrirbyggjandi sem tengir skólustarfsemina saman. Skólastjóri leggur áherslu á að mynda einn starfsmannahóp fyrir bæði skólastig. Áætlað er að 59 nemendur verði í grunnskólanum í upphafi þessa skólaárs.

Skólastjóri lagði til að formaður fræðslunefndar stjórni því hvernig og hvenær afhending viðurkenninga til útskriftarnema frá vorinu 2011, fari fram

Varðandi væntanlegar framkvæmdir á bílaplönnum skólalóðar áréttaði skólastjóri að mikilvægt væri að tryggja öryggi barna með því að girða af framkvæmdasvæðið.

3. Skólaakstur.

Farið var yfir drög að samningum um fyrirkomulag skólaaksturs við skólabílstjóra. Gerðar voru smá lagfæringar í texta. Fræðslunefnd samþykkti fyrirbyggjandi drög að samningum um skólaakstur.

4. Önnur mál.

Rætt var um mikilvægi þess að auka gagnvirk samskipti milli skóla og foreldra.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22.10